

Ed.

414. Nefndarálit

[64. mál]

um frv. til l. um kornrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Tveir nefndarmanna, PÞ og DÁ, leggja til, að það verði samþykkt óbreytt, og munu skila sérstöku nál. Meiri hluti n. leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.
2. Við 5. gr. Aftan við 1. tölulið bætist:
 - a. ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
 - b. 2. töluliður orðist svo: Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta sama framlags úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar.
3. Við 8. gr. Í stað „kr. 200 000.00“ komi: kr. 100 000.00.

Alþingi 23. febr. 1961.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,
fundaskr.

Jón Þorsteinsson.